

# HEIMIR



VI. árgangur

WINNIPEG, 1910.

10. blað.

## Upphaf og þroskun únítaratrúarinnar í kristnu kyrkju

(Framhald)

Niðurlöndin svo nefndu, sem nú eru konungsríkin Holland og Belgía voru hluti af ríki Karls keisara fimta. Og þar sem að hann var ákafur mótstöðumaður siðbótarinnar reyndi hann að sporna við útbreiðslu hennar þar sem í öðrum hlutum ríkis síns. Skoðanir Lúthers bárust fljótt til Hollands, en smám saman náði þó svissneska hreyfingin öflugri fótfestu þar og hölluðust flestir siðbótar menn þar að kenningum Kalvíns. Karl keisari og sonur hans Filippus annar létu "rannsóknarréttinn" taka til starfa þar en þjóðin í heild sinni var honum mjög mótfallin; og 1566 gengu nokkrir aðalsmenn í félag, er hafði fyrir markmið að útrýma "rannsóknarréttinum" algerlega úr landinu. Þessi samtök aðalsmannanna gáfu hinum nýju skoðunum ennþá meiri byr. Þá sendi Filippus konungur hertogann af Alba frá Spáni til að bæla hreyfinguna niður. Hertoginn beitti dæmafárri grimd og hörku, og er sagt að á þeim sex árum er hann var við völdin á Hollandi hafi hann kveðið upp 18.000 dauðadóma, en alt til einskis. Þjóðin reis upp á móti hinni spánversku yfirstjórn og